

Ár 2003, fimmtudaginn 24. júlí 2003 er dómþing Dómstóls ÍSÍ haldið af Gunnari Guðmundssyni dómara

Fyrir er tekið:
Mál nr. 3/2003

Frjálsíþróttadeild FH
gegn
Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ)
og
Frjálsíþróttaráði HSK

Upp er kveðinn svohljóðandi

DÓMUR:

I.

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu Frjálsíþróttadeildar FH þann 20. júní s.l. og mótttekið sama dag af skrifstofu ÍSÍ. Kærendum var gefinn kostur á að tjá sig um kæruatriði. Svör bárust hinn 3. júlí s.l. og var þá ákveðið að aðalflutningur færi fram þann 14. júlí s.l.. Lögðu bæði kærandi og hið kærða samband FRÍ, f.h. hinna kærðu, fram svargreinargerðir. Auk þess kom fyrir dóminn Þorsteinn Þorsteinsson yfirdómari fyrri hluta Meistaramóts FRÍ. Að vitnaleiðslu lokinni lýstu aðilar yfir að gagnasöfnun væri lokið. Að ósk aðila og vegna áframhaldandi tilrauna til sátta var málið ekki tekið til dóms af undirrituðum dómara fyrr en þann 22. júlí s.l., þegar sýnt var að sættir myndu ekki takast.

II.

Kröfur kæranda eru eftirfarandi:

Aðalkrafa: Að úrslit á Meistaramóti Íslands fyrri hluti sem fram fór þann 14. og 15. júní 2003 á Laugarvatni verði ógilt.

Varakrafa: Að keppni í tugþraut í karlaflokki á Meistaramóti Íslands fyrri hluti sem fram fór þann 14. og 15. júní 2003 á Laugarvatni verði endurtekin með þeim keppendum sem skráðir voru í tugþraut á mótinu.

Þrautavarakrafa: Að ákvörðun/úrskurður yfirdómara á Meistaramóti Íslands - fyrri hluta sem fram fór 14. og 15. júní á Laugavatni um að Fannari Gíslasyni, kt. 240285-2159, Stuðlabergi 64, 221 Hafnarfirði, og Ævari Ern Úlfarssyni, kt. 290185-2709, Heinabergi 17, 815 Þorlákshöfn, hafi verið óheimilt að keppa í karlaflokki hafi verið ólöglegt ákvörðun og því ógild

Kröfur hins kærða, Frjálsíþróttasambands Íslands f.h. kærðu er að dómstóll ÍSÍ hafni kröfum kæranda og úrslit mótsins látin standa óbreytt frá því sem tilkynnt hefur verið.

Varðandi málsaðild telur stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands sig vera eitt ábyrgt vegna framangreinds mótshalds fyrri hluta Meistarmóts Íslands og vísa eigi á bug

kröfu kæranda gegn Frjálsíþróttaráði HSK.

III.

Samkvæmt kærubréfi kveður kærandi málsatvik, röksemdir og lagarök vera eftirfarandi:

“Þegar Fannar Gíslason og Ævar Örn Úlfarsson mæta til keppni er þeim sagt að þeir skuli keppa í drengjaflokki og er það einhliða ákvörðun yfirdómara mótsins. Sú ákvörðun var tekin á tæknifundi, að viðstöddum fulltrúum UMSS og UFA, að sögn yfirdómara mótsins.

Röksemdir:

Á Meistaramóti Íslands aðalhluta og fyrri hluta hafa íþróttamenn sem hafa náð tilskyldum lágmarkum keppt fyrir sitt félag óháð aldri eða öðrum skilyrðum. Engin ákvæði eru um það í reglum FRÍ að keppendur yngri en 18 ára megi ekki keppa á Meistaramóti Íslands, eingögnu eru ákvæði um lágmarksárangur.

MÍ og MÍ fyrri hluti eru hluti af stigakeppni milli félaga og er því haldið fram hér að það standist ekki að útiloka keppendur frá keppni í einni eða tveimur greinum vegna aldurs.

Íþróttamennirnir og félögin hafa litið á þetta mót sem eitt helsta viðfangsefnið á árinu og lagt sig fram að ná árangri, einnig er þetta eini möguleikinn til að verða Íslandsmeistari í tugþraut á árinu. Á síðastliðnum árum hefur verið keppt í tugþraut í drengjaflokki samhliða tugþraut í karlaflokki og hafa íþróttamennirnir og félögin metið það í hvorum flokknum skuli keppt.

Kærandi styður kröfugerð sína m.a. við fordæmi sem ekki verður litið framhjá. Jafnræðisreglan er grundvallarregla í allri íþróttastarfssemi. Tilgreindir íþróttamenn sem félagsmenn hjá kæranda ætlast til þess að þeir búi við sömu réttindi og aðrir íþróttamenn sem keppt hafa eftir sömu reglum og þeir kepptu eftir á tilgreindu móti dagana 14. og 15. júní sl. Á Meistaramóti Íslands fyrri hluta árið 1998 keppti Sigurður Karlsson (fæddur 1980) UMFT þá einn allra efnilegasti frjálsíþróttamaður landsins í tugþraut í karlaflokki, hlaut hann 6553 stig og setti glæsilegt Íslandsmet í drengjaflokki, drengjaflokkurinn vannst með 5105 stig, með drengjaáhöldum. Þótti árangur Sigurðar mjög athyglisverður. Síðan Sigurður Karlsson keppti á þessu móti 1998 þá hefur keppnisreglunum ekki verið breytt sem áhrif getur haft hér.

Þá eru fleiri fordæmi á MÍ fyrri hluta að yngri keppendur hafi keppt í tugþraut í karlaflokki, án athugasemda.

Venjan í keppni í frjálsum íþróttum, bæði á Íslandi og erlendis, er að afreksmenn á þessum aldri hafa keppt athugasemdalaust í karla- eða kvennaflokki. Benda má á marga keppendur á EM, HM og OL sem þar hafa keppt en eru ekki orðin fullra 18 ára. Nokkrir þeirra hafa náð á verðlaunapall og orðið Olympíumeistarar meira að segja í tugþraut 18 ára gamlir. Hefur slíkt þótt aðdáunarvert frekar en aðfinnsluvert. Vala Flosadóttir varð m.a. Evrópumeistari í stangarstökki, yngri en Fannar og Ævar. Enn fleiri yngri íþróttamenn hafa skipað sér í efstu sæti á Meistaramótum sinna landa meira að segja í fjölþrautarkeppnum. Við þurfum ekki að horfa lengra aftur í tíma en síðustu ár og þá til Svíþjóðar en Caroline Kluff er þar fremst í flokki í sjöþraut.

Lagarök.

Úrskurður yfirdómara mótsins kvað á um að tilgreindir keppendur skuli keppa í þeim aldursflokki sem hann tilheyrir svo fremi keppni fari fram í þeim aldursflokki á mótinu.

Kærandi telur að ákvörðun yfirdómara, sem tilnefndur var af vegum FRÍ styðjist ekki við reglugerð um Meistaramót Íslands.

Ákvörðun yfirdómara er hér mjög íþyngjandi fyrir tilgreinda keppendur og kæranda sem aðila að FRÍ og af þeirri ástæðu brýn nauðsyn að ákvörðun hans styðjist við skýr ákvæði í keppnisreglum, reglugerðum eða lögum FRÍ. Eins og hér háttar styðst ákvörðun yfirdómara ekki við neinar slíkar heimildir.

Kærandi styður kröfu sína við fordæmis- og jafnræðisreglur sem eiga rætur sínar að rekja til annarra sambærilegum tilvika í mótum á vegum FRÍ.

Rök Frjálsíþróttadeildar FH eru að tilgreindir keppendurnir, þeir Fannar Gíslason og Ævar Örn Úlfarsson, hafi uppfylltu öll skilyrði til að taka þátt í Meistaramóti Íslands í tugþraut.

Ekki er gerð nein krafa á Meistaramóti Íslands fyrri hluta um árangur eða aldur. Er í því sambandi vísað til reglugerðar um Meistaramót Íslands setta af FRÍ.

Ekki lá fyrir kæra um þátttökurétt tilgreindra íþróttamannanna áður en mótið hófst og því telur kærandi að yfirdómari hafi ekki haft rétt á að ákveða að þeir skyldu ekki keppa í þeim flokki sem þeir voru skráðir til móts.”

IV.

Krafa Frjálsíþróttasambands Íslands f.h. kærðu um synjun á kröfu kæranda er rökstudd á eftirfarandi hátt:

“a) Fulltrúi kæranda (frjálsíþróttadeildar FH) mætti ekki á tæknifund sem boðaður hafði verið áður en keppni hófst. Tæknifundir fyrir mót eru auglýstir í þeim tilgangi að gefa fulltrúum keppenda tækifæri á að yfirfara skráningar, gera athugasemdir og jafnvel breytinga gerist þess þröf.

b) Á tæknifundinum fyrir umrætt mót var rætt á almennum nótum um rétt keppenda til þess að keppa upp fyrir sig og samþykkt án athugasemda að á þessu móti skyldu keppendur keppa í flokkum og riðlum skv. framlagðri keppnissskrá.

c) Skráning keppenda frjálsíþróttadeildar FH á mótið var almennt ónákvæm, sbr. skráningar í boðhlaup á mótinu. Þar sem keppt var í fleirum en einum aldursflokki á umræddu móti máttu þeir aðilar sem skráðu keppendur á mótið ætla að skráning þurfi að vera nákvæm. Er því ekki óþeðlilegt að mótshaldari meti vilja forsvarsmanna félagsins á þann veg að keppendur kepptu í sínum aldursflokki.

d) Mótmæli of seint fram komin. Þrautaleið til breytinga er með kæru, sem var í þessu tilfelli of seint fram komin, eða eftir að keppni var hafin.

V.

Aðilar lögðu við aðalflutning fram svargreinargerðir. Komu þar fram eftirfarandi athugasemdir af hálfu kæranda:

”Formaður FRÍ vísar ekki í lög eða reglugerðir, þegar hann kemst að þeirri niðurstöðu að mótshaldara og yfirdómara hafi verið heimilt að breyta löglegum og réttum skráningum Frjálsíþróttadeildar FH í tugþraut karla. Frjálsíþróttadeild FH skorar á formann FRÍ að vísa í lagagreinar eða reglugerðir til stuðnings máli sínu.

Mótrök við rökstuðningi FRÍ.

- a) Tæknifundur var haldinn áður en keppni hófst, tæknifundurinn var ekki auglýstur sérstaklega í bréfi frá frjálsíþróttaráði HSK, heldur var hann auglýstur í tímaseðli mótsins. Þar sem ekki lá fyrir frá mótshaldara, að gera ætti breytingar á skráningum félaga og þar sem staðfesting hafði borist frá mótsstjóra til forsvarsmanna FH á móttöku skráninga töldu fulltrúar FH að tæknifundurinn yrði „hefðbundinn” eins og yfirdómari orðar í sinni skýrslu til stjórnar. Á hefðbundnum tæknifundum er rætt um byrjunarhæðir í lóðréttum stökkum, nýmæli í keppnisreglum og breytingar félaga á nafnaskráningum. Þar sem frjálsíþróttamenn FH voru ekki með neinar sérþarfir vegna byrjunarhæða í stangarstökki og hástökki, né önnur afbrigði frá innsendum skráningum, var álitnið að ekki væri þörf á að mæta á tæknifund.
- b) Niðurstaða mótsstjóra og yfirdómara á tæknifundi um að færa keppendur FH á milli aldursflokka er hvergi rökstudd með lögum eða reglugerðum, heldur er ákveðið að þetta skyldi vera svona á þessu móti og vísar mótsstjóri til þess í greinargerð sinni að það hafi verið almennt „mjög misjafnt hvort tilgreint var um aldursflokka sem skráð væri í.” Mótsstjóri gerir fyrirspurn til Frjálsíþróttadeildar FH um keppendur FH í boðhlaupum karla þann 12. júní, en minnst ekkert á skráningar Frjálsíþróttadeildar FH í tugþraut, enda eru þær skráningar mjög skýrar.
- c) Formaður FRÍ hefur í rökum sínum að „Skráningar keppenda frjálsíþróttadeildar FH á mótið hafi verið almennt ónákvæm, sbr. skráningar í boðhlaup á mótinu.”

Þessi rök eru með öllu óskiljanleg þar sem ekki er verið að fjalla um skráningar í boðhlaup, heldur skráningar í tugþraut karla. Skráningar FH í tugþraut voru mjög skýrar eins og sjá má á skráningarblaði Frjálsíþróttadeildar FH, þar sem tilgreint er að umræddir keppendur keppi í karlaflokki. Frjálsíþróttadeild FH sendi ekki inn keppendur í tugþraut í drengjaflokki. Deildin gerir skýran greinarmun á aldursflokkum í skráningum sínum sbr. skráningu í sjöþraut í kvenna- og meyjaflokk.

Formaður FRÍ heldur áfram, „Er því ekki óeðlilegt að mótshaldari meti vilja forsvarsmanna félagsins á þann veg að keppendur kepptu í sínum aldursflokkum.” Telja má að hafi eitthvað verið óljóst í skráningum í tugþraut, hefði mótsstjóri átt að senda fyrirspurn þar um í stað þess að túlka vilja frjálsíþróttadeildar FH. Þá má ítreka það að Meistaramót Íslands fyrri hluti er hluti af stigakeppni félaga um keppni um Íslandsmeistaratitil félagsliða. Keppendur í drengjaflokki fá engin stig í þeirri keppni.

Yfirdómari og mótsstjóri hefðu aftur á móti getað gert athugasemdir við skráningar félaga á mótið, því almennt bærust skráningar á mótið eftir að skráningarfresti lauk. Samkvæmt auglýsingu um mótið frá frjálsíþróttaráði HSK, kemur fram að skráningar skuli berast fyrir miðvikudaginn 11. júní. Frjálsíþróttadeild FH sendi skráningar sínar á mótið þ. 10. júní kl. 22.04.

Eftirtaldar skráningar bárust eftir að skráningarfresti lauk:

Skráning frá Breiðabliki í boðhlaup, barst 11. júní kl. 9:12.
Skráning frá Breiðabliki í sjöþraut, barst 11. júní kl. 20:29.
Skráning frá Breiðabliki í tugþraut., barst 12. júní kl. 23:00.
Skráning frá ÍR í boðhlaup og sjöþraut, barst 11. júní kl. 13:33.
Skráningar frá UMSS í fjölþrautir og boðhlaup, barst 11. júní kl. 19:34
Skráning UMSS í tugþraut karla, barst 12. júní, kl. 10:57.
Skráning UMSS varamaður í boðhlaup, barst 12. júní, kl. 18:46.
Skráning UMSS varamaður í boðhlaup, barst 13. júní, kl. 18:50.
Leiðrétting FH á skráningu í sjöþraut meyja, barst 11. júní, kl. 10:40.
Skráning Fjöltnis í tugþraut , barst 12. júní kl. 23:56.

- d) Varðandi þá fullyrðingu formanns FRÍ að mótmæli hafi komið of seint fram, þá er því mótmælt en munnleg mótmæli bárust áður en mótið hófst, þó að skrifleg kæra hafi ekki borist fyrir en keppni var hafin. Skv. lögum IAAF lýkur kærufresti ekki fyrir en 30 mín. eftir að úrslit eru tilkynnt. Þar sem verið var að keppa í tugþraut þá hafði yfirdómari nægan tíma til að úrskurða um rétt þeirra til að keppa í þeim flokki sem þeir voru skráðir í og fara með því eftir reglugerð um Meistaramót Íslands, þar sem kúluvarp, sem er þriðja grein í tugþraut hófst ekki fyrir en kl. 13:55, en þar er keppt með mismunandi þyngdum eftir flokkum.
Fyrri greinar voru 100 m hlaup karla, drengja og sveina á sama tíma samkvæmt tímaseðli og langstökk karla, drengja og sveina einnig á sama tíma á tímaseðli.

Að lokum viljum við taka fram að þar sem fram kemur í svari formanns FRÍ að sambandið hafi lögsögu yfir Meistarmótunum hljóta keppendur að gera þá kröfu á móti að samræmi sé á milli móta í mótahaldi og dómgæslu, t.d. er varðar keppnisrétt einstaklinga, en slíkt sé ekki háð hentivilja mótshaldara og yfirdómara.”

Kærði gerði eftirfarandi athugasemdir við framangreind andsvör kæranda:

- ”1) Tæknifundir eru tíðkaðir á öllum stærri mótum í frjálsíþróttum, ekki síst alþjóðlegum, og þó að ekki séu nein skýr laga- eða reglugerðaummæli hjá FRÍ, hafa þeir ákveðið hlutverk sem kærendum er fullkunnugt um. Kærendum var kunnugt um stað og stund tæknifundar fyrir það mót sem hér um ræðir, en mættu ekki. Því verða þeir að bera hallan af því að hafa ekki mætt á fundinn.
2) Almenn er ákvæmi í skráningum kæranda á fyrrgreint mót er ábótavant, sbr. bréfaskipti milli mótsstjóra og nokkurra aðila félags kæranda. T.d. verður að líta á það sem óvissu um það hvaða keppandi „o.fl.“ sé, sem skráður er í boðhlaup fyrir félag kæranda.
3) Skv. þeim upplýsingum mótsstjóra komu mótmæli fram eftir að nafnakall hafði farið fram og keppendum afhent númer. Munnleg mótmæli komu því fram eftir að mót var í raun hafið.

Um önnur þau atriði sem fjallað er um í máli þessu vísast til áður framlagra gagna.”

VI. Niðurstaða

Dómurinn felst á þau sjónarmið varðandi málsaðild sem fram koma hjá hinu kærða sambandi, að Frjálsíþróttasambands Íslands sé eitt ábyrgt vegna mótshalds fyrri hluta Meistarmóts Íslands og er kröfum kæranda gegn Frjálsíþróttaráði HSK því vísað á bug.

Við aðalflutning málsins lýsti fulltrúi kæranda því yfir að mikilvægir grundvallarhagsmunir lægu í því fyrir hann að fá úrlausn þess ágreiningsefnis sem hér væri til umfjöllunar, þótt dómurinn yrði aðeins byggður á þrautavarakröfu kæranda.

Þorsteinn Þorsteinsson yfirdómari fyrri hluta Meistaramóts Íslands kom fyrir dóminn og staðfesti að engin ákvæði innlendra eða erlendra reglna um frjálsíþróttamót fjölluðu um hvaða réttaráhrif tæknifundir hefðu eða hvaða úrskurðarvald mótsstjórar/dómarar hefðu á slíkum fundum varðandi þátttöku yngri keppenda, sem tilkynnt hefðu sig til keppni í móti fullorðinna. Fram kom hjá Þorsteini að á slíkum fundum væru yfirleitt rædd ýmis tækniatriði, endanlega tímasetning tilkynnt o.fl. auk þess sem keppnisskrá væri lögð fram, en það hafi einmitt verið gert á tæknifundi á fyrri hluta Meistaramóts Íslands þann 14. júní s.l. Fulltrúar allra keppnisliða væru boðaðir á slíka fundi. Rétt þykir að taka fram að framangreind keppnisskrá liggur ekki fyrir í skjölum málsins.

Fram kemur einnig í gögnum málsins að skrifstofa FRÍ sér að öðru leyti um að taka við þáttökutilkynningum fyrir slík mót, innheimta mótsgjöld og gera athugasemdir við tilkynningar félaga á þátttakendum ef nauðsyn krefði. Gafst því mótshaldara tækifæri nokkuð tímanlega fyrir upphaf viðkomandi móts að koma að athugasemdum við kæranda varðandi þá tvo keppendur sem skráðir voru í flokk fullorðinna í tugþraut.

Á frjálsíþróttamótum sem og mótum í öðrum íþróttum gegna framangreindir tæknifundir raunar mikilvægu samskiptahlutverki gagnvart keppendum og því brýnt að fulltrúar félaga sækji slíka fundi. Þar gæti borið á góma málefni sem úrslitum gæti ráðið um hlutgengi eða árangur hlutaðeigandi keppenda. Fylgir því ákveðin áhætta að sleppa slíkum fundum.

Fulltrúi kæranda mætti ekki á umræddan tæknifund þann 14. júní 2003. Telja kærðu að með því að mæta ekki á þann fund hafi kærandi misst rétt til að koma að athugasemdum og auk þess verið of seinn að mótmæla þeirri ákvörðun yfirdómara að Fannari Gíslasyni og Ævari Ern Úlfarssyni hafi verið óheimilt að keppa í karlaflokki.

Má þetta snýst um hlutgengi tveggja 18 ára pilta til þátttöku í tugþraut í flokki fullorðinna. Um er að ræða grundvallarréttindi einstaklinga til keppni um verðlaun eða stig í slíkum flokki.

Þegar litið er á afdráttarlausa og skýra tilkynningu kæranda á þátttöku framangreindra tveggja pilta til keppni í tugþraut í flokki fullorðinna, sem engin athugasemd hafði áður verið gerð við af hálfu mótshaldara, verður að telja að mjög veigamikil rök þurfi

til að koma til þess að breyta slíkri tilkynningu einhliða án samþykkis kæranda. Engin innlend eða erlend laga- eða reglugerðarákvæði takmarka þátttöku 18 ára keppenda í flokki fullorðinna í tugþraut, enda liggja hérlandis fyrir fjölmörg dæmi um slíkt.

Jafnvel þótt fulltrúi kæranda hafi ekki mætt á framangreindan tæknifund þar sem til stóð að tilkynna honum um áður nefnda synjun um þátttöku viðkomandi keppenda í flokki fullorðinna, er að mati dómsins ekkert fram komið í málinu sem gefur viðkomandi dómara, með áðurgreindum hætti, rétt til að svipta umrædda tvo keppendur rétti til að keppa í flokki fullorðinna.

Niðurstaða málsins er því sú að taka ber til greina þrautavarakröfu kæranda á þá leið að ákvörðun yfirdómara á Meistaramóti Íslands - fyrri hluta sem fram fór 14. og 15. júní á Laugavatni, hafi verið ólöglegt og því ógild, um að Fannari Gíslasyni og Ævari Ern Úlfarssyni hafi verið óheimilt að keppa í karlaflokki í tugþraut.

DÓMSORÐ:

Ákvörðun yfirdómara á Meistaramóti Íslands - fyrri hluta sem fram fór 14. og 15. júní 2003 á Laugavatni er ólöglegt og ógild um að þeim Fannari Gíslasyni, kt. 240285-2159, Stuðlabergi 64, 221 Hafnarfirði og Ævari Ern Úlfarssyni, kt. 290185-2709, Heinabergi 17, 815 Þorlákshöfn, hafi verið óheimilt að keppa í karlaflokki í tugþraut.

Upplesið í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Þannig fram farið.
Reykjavík 24. júlí 2003

Gunnar Guðmundsson dómari
(sign.)

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.